Fundur í skólaráði Áslandsskóla

20. nóvember 2014

Fundur hófst kl. 8:15

Fundarstaður: Áslandsskóli

Fundarstjóri: Leifur S. Garðarsson

Fundarritari: Unnur Elfa Guðmundsdóttir

Mættir: Leifur S. Garðarsson skólastjóri, Unnur Elfa Guðmundsdóttir aðstoðarskólastjóri, Díana Ívarsdóttir og Ásdís Reynisdóttir fulltrúar kennara, Katrín Brandsdóttir fulltrúi annars starfsfólks, Harpa Dís Jónsdóttir fulltrúar foreldra, Magdalena Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda.

1. MENTOR
   Umræður um MENTOR og þá eiginleika sem kerfið býður upp á .
   Foreldrar geta aðeins fengið upplýsingar um sinn bekk á sínu lykilorði.
2. Bráðgerir nemendur
   Foreldrar komu með ábendingu sem þeim hafði borist um að kennarar væru ekki að sinna bráðgerum nemendum. Einstaklingsnámskrá er gerði í þessum tilvikum eins og öðrum sérkennslutilvikum. Er í gangi í mörgum bekkjum nú þegar í samvinnu við umsjónarkennara. Stjórnendur bentu á að endilega að koma og ræða við þá.
3. Bæjarbrúin
   Verið er að vinna að brú á milli grunnskóla og Flensborgar. Sú vinna er í gangi.
4. Kaffispjall
   Foreldrar komu með ábendingar úr kaffispjalli úr nokkrum árgöngum.
   Það sem kom fram á kaffispjalli í 5. bekk var að það vantaði skjávarpa og mikill hávaði væri í Þrídröngum. Einnig var bent á að þetta yrði ekki sami árgangurinn aftur að ári sem væri í Þrídröngum.
5. Tlkynningar frá skólanum um skerta daga.
   Ábendingar frá foreldrum um að tilkynna til foreldra í pósti um skerta daga á skóladagatali. Sjálfsagt mál að bregðast við því skv. Stjórnendum. Þeir bentu á að skóladagatal væri á heimsíðunni og einnig væri tilkynningar um skerta daga alltaf settar sem frétt á heimasíðuna og einnig að kennarar settu þetta á vikuáætlnum sem fer heim á föstudegi vikunnar áður fyrir komandi viku.
6. Kvartanir vegna eins kennara
   Dónaskapur og orðaval eins kennara við skólann. Stjórnendur tóku málið til athugunar.
7. Skólapúlsinn.
   Skipulag og niðurstöður kynntar. Hefur jákvæð áhrif á skólastarf og margt gott og gagnlegt sem kemur fram.

8. Teyimisvinna í Áslandsskóla
   Kynnt þau teymi sem eru í skólanum.
9. Jólahald
   Hefðbundin dagskrá , auglýst á heimasíðu og í Flórgoða
10. Félagslíf nemenda
    Nemendur gerðu grein fyrir félagslífinu, sögðu það vera gott, góð mæting í félagsmiðstöð, mest frá 8. bekk og 10. Bekk.
11. Fræðsla frá foreldrafélaginu um einelti.
    Foreldrafélagið ætlar að hafa fund fyrir foreldra um einelti. Fræðsla er frá Vöndu Sigurgeirsdóttur.
12. Rannsókn og greining
    Geir Bjarnason verður með fræðslu á næsta mánudag fyrir foreldra í skólanum á skólatíma. Látum skrá mætingu fyrir fram og verður með morgunkaffi og með því fyrir foreldra.
13. Heilsdagsskólai
    Gengur mjög vel, niðurstöður úr könnum sem lögð var fyrir forleldra voru mjög góðar.
14. Sófinn á unglingadeildargangi
    Er bilaður og stjórnendur láta laga hann.
15. Lokapróf
    Lokapróf verða í unglingadeild í íslensku, ensku og stærðfræði seinnipartinn í janúar. Skipulag prófanna kemur fyrir jól til nemenda og foreldra.
16. Samræmd próf – niðurstöður ekki komnar, verða kynntar þegar þær eru komnar.

Annað ekki tekið fyrir.
Fundi slitið kl. 9:30